



Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun um **menntun, rannsóknir og tungumál 2025–2030**

Eflum Norðurlönd sem svæði menntunar og
rannsókna



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	4
Pólítískar áherslur	7
Markmið 1: Allir á Norðurlöndum skulu hafa aðgang að menntun af miklum gæðum, frá unga aldri til æviloka, óháð bakgrunni	10
Markmið 2: Menntun á Norðurlöndum skal í framtíðinni endurspeglar færniþörf samfélagsins og atvinnulífsins	12
Markmið 3: Norrænar rannsóknir skulu vera af miklum alþjóðlegum gæðum, tryggja góða vísindabekkingu og skapa nýja þekkingu á mikilvægum sviðum fyrir Norðurlönd	14
Markmið 4: Sem norrænt samfélag eigum við að vernda og þróa öll okkar tungumál og tungumálasamfélög	16
Markmið 5: Efla skal Norðurlönd sem samþætt menntunar- og rannsóknarsvæði	18
Úttekt á samstarfsáætluninni	20
Um ritið	21

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politiknord2024-764>

Formáli



Lotta Edholm, skólamálaráðherra Svíþjóðar, Johan Pehrson, menntamálaráðherra Svíþjóðar og Karen Ellemann, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Samstarfið innan ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir, MR-U, gengur út frá því að samstarfið um menntamál, rannsóknir og tungumál sé eitt mikilvægasta tækið til að mæta landsbundnum og alþjóðlegum áskorunum. Markmiðið er að norræna samstarfið geti stuðlað að betri skilyrðum fyrir hágæða menntun og rannsóknir.

Norðurlönd deila grundvallargildum, sterkri lýðræðishefð og sameiginlegri sögu en löndin eru þó það ólík að hægt er að gera samanburð og læra hvert af öðru. Það er einmitt með samstöðunni sem við þróumst og stöndum sterkari.

Menntun, rannsóknir og tungumál eru nauðsynleg til að bregðast við áskorunum samfélagsins, en áskoranirnar verða ekki leystar af hverju landi fyrir sig. Það er einnig mikilvægt að starfa saman að menningarmálum, aðlögunarmálum og atvinnulífi. Þetta á sérstaklega við um flóknar samfélagsáskoranir þar sem Norðurlönd geta sem heild orðið enn betri: Menntum við á snjallan hátt með það besta að leiðarljósi fyrir einstaklinga og samfélag? Getum við spáð fyrir um bestu lausnirnar og forgangsraðað með skýrum hætti? Nýtum við þau tækifæri sem er að finna í norrænu löndunum?

Þessi samstarfsáætlun varðar stefnumótun fyrir norræna samstarfið og endurspeglar áherslur norrænna ráðherra skóla-, mennta- og rannsóknarmála fram til ársins 2030.

Samstarfsáætlunin er metnaðarfull. Hún sýnir fram á að norræna samstarfið skiptir máli og stendur traustum fæti. Hins vegar er nauðsynlegt að efla samstarfið enn frekar. Þau markmið sem við höfum sett fram endurspeglar þess vegna þá ábyrgð okkar ráðherranna að skýra forgangsverkefni og leggja fram skýra stefnu fyrir öflugt samstarf. Við vonumst til að samstarfsáætlunin komi til með að efla norræna samstarfið á öllum sviðum.

Lotta Edholm
skólamálaráðherra
Svíþjóðar

Johan Pehrson
menntamálaráðherra
Svíþjóðar

Karen Ellemann
framkvæmdastjóri
Norrænu
ráðherranefndarinnar

Inngangur

Árið 2019 samþykktu forsætisráðherrar norrænu landanna sameiginlega framtíðarsýn um að Norðurlönd ættu að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar mun því miðast við að uppfylla þessa framtíðarsýn með aðgerðum á þremur stefnumarkandi áherslusviðum, þ.e. grænum Norðurlöndum, samkeppnishæfum Norðurlöndum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum.

Norrænt samstarf á sviði menntamála, rannsókna og tungumála skiptir sköpum til þess að við getum byggt upp lýðræðisleg og viðnámsþolin samfélög sem einkennast af þekkingu, samstöðu og gagnkvæmu trausti og til þess að Norðurlönd geti eftir sem áður verið eitt af samþættustu svæðum heims. Á meðal þeirra áskorana sem velferðarríkið stendur frammi fyrir í öllum norrænu löndunum má nefna breytt loftslag og umhverfi, félagslegan ójöfnuð og síhækkandi meðalaldur. Jafnframt munu nýjar og óþekktar, innlendar sem alþjóðlegar áskoranir og krísur reyna á hin norrænu velferðarsamfélög.

Í gegnum skólagöngu og menntun öðlast norrænn almenningur þekkingu á forsendum lýðræðisins, gildum og leikreglum og verður fær um að taka þátt í lýðræðislegum ferlum. Grunnur að virkri þátttöku er lagður snemma. Strax á leikskólastigi er maður hluti af inngildandi félagsskap þar sem öllum gefst færi á því að tjá sig, hafa rödd og taka þátt. Rannsóknastarf og þekkingarsköpun skipta miklu máli, bæði vegna niðurstaðnanna sem fást og með því að sýna fram á gildi gagnrýnnar hugsunar og skoðanaskipta.

Menntamál, rannsóknir og tungumál eru eitt af helstu málefnasviðum Norrænu ráðherranefndarinnar sem skiptir sköpum þegar kemur að því að uppfylla markmið framtíðarsýnarinnar fyrir árið 2030 og að Norðuröld verði betur í stakk búin til þess að mæta krísum framtíðarinnar. Samstarfið nær til menntakerfisins í heild sinni, allt frá leikskóla til æðri menntunar og símenntunar, ásamt rannsóknum og tungumálum. Saman styðja menntun, rannsóknir og tungumál við lýðræði á Norðurlöndum með uppbyggingu trausts, sjálfsmyndar og samstöðu ásamt því að efla gagnrýna hugsun og skoðanaskipti.

Í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir er fjallað um pólitískar áherslur og markmið fyrir árin 2025–2030.

Markmiðin í samstarfsáætluninni undirstrika að Norðurlönd standa sig vel á mörgum sviðum en að þörf sé á auknum aðgerðum. Til þess að umskiptin gangi vel fyrir sig verðum við að hafa metnað til þess að menntun á Norðurlöndum sé af háum gæðum, að allir öðlist góða grunnfærni og að allir upplifi leikskóla- og skólavist þar sem ýtt er undir lýðræðisþátttöku og unnið gegn félagslegri einangrun og upplýsingaóreiðu. Menntun á Norðurlöndum á að fela í sér tækifæri fyrir allan almenning, frá unga aldri og út alla ævina, og hún þarf að þróast í takt við þarfir atvinnulífsins. Við þurfum

áframhaldandi samfélagslega mikilvægar rannsóknir af miklum gæðum á heimsælikvarða auk tungumálastefnu sem skapar sjálfsmynd og styrkir samkeppnishæfni.

Norðurlandaráð, borgarasamfélagið og aðrir viðeigandi aðilar komu að gerð samstarfsáætlunarinnar. MR-U hafa borist tillögur og ábendingar frá norrænum og landsbundnum hagsmunaaðilum og samtökum. Þar á meðal eru ábendingar frá ungu fólki á Norðurlöndum, m.a. frá Ungmennamánuði Norðurlanda í nóvember 2023.

Skoða ber norrænt samstarf í samhengi við önnur stefnumarkandi skjöl Norrænu ráðherranefndarinnar, þar á meðal Framtíðarsýn okkar 2030. Eftir því sem við á skal við allar aðgerðir taka tillit til þverlægra sjónarhorna, svo sem sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og réttinda barna og ungmenna til þess að hafa rödd og taka þátt. Einnig skal tekið tillit til sjónarmiða fötlunarmála, inngildingar og aðgengismála í starfinu.

Samstarfsáætlunin byggist á því verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar að stuðla að því að uppfylla framtíðarsýnina um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Öll Norræna ráðherranefndin vinnur að því að uppfylla framtíðarsýnina með hinum þremur stefnumarkandi áherslum.

Samstarfsáætlunin býr til umgjörð um allar aðgerðir Norrænu ráðherranefndarinnar í tengslum við menntamál og rannsóknir. Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir samþykkti samstarfsáætlunina hinn 19. ágúst 2024 og gildir hún til 31. desember 2030.

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þrjár.

Pólítískar áherslur

Pólítískar áherslur samstarfsáætlunarinnar eru byggðar á sameiginlegum áskorunum Norðurlanda og þeim þáttum þar sem norrænu löndin geta í sameiningu komið með lausnir og skapað norrænan virðisauka.

Forsendur til þess að takast á við samfélagslegar áskoranir eru góðar á Norðurlöndum. Í norrænu löndunum er hátt menntunarstig og gott framboð á leikskólum, skólum og námi. Löndin fjárfesta háu hlutfalli af vergri landsframleiðslu í rannsóknum og menntamálum og á Norðurlöndum eru æðri menntastofnanir sem gera vel á alþjóðlegum samanburðarlistum og almennt ríkir gott traust í garð rannsókna og þekkingar. Öll norrænu löndin eru virkir þátttakendur í evrópsku rannsóknasamstarfi, búa yfir öflugum fagumhverfi á heimsmælikvarða og skora hátt þegar kemur að nýsköpun. Á Norðurlöndum er ríkuleg tungumálafjölbreytni og samnorrænn tungumálaskilningur veitir Norðurlöndum samkeppnisforskot í samanburði við önnur svæði.

Á sama tíma verður að taka tillit til ýmissa sjónarmiða þegar kemur að menntun og rannsóknum. Annars vegar er það hlutverk menntunar og rannsókna að ýta undir virði þekkingar, kunnáttu einstaklinga, skoðanamyndun og félagsmótun. Á hinn bóginn er menntun í auknum mæli ætlað að koma til móts við þarfir samfélagsins þegar kemur að hæfu vinnuafli, eiga erindi við samfélagið og nýtast til þess að finna lausnir við þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir hverju sinni.

Heildarmyndin er því flókin og undirstrikar þörfina á menntun og þekkingu og kallar á nýja hugsun. Almennt er gæðastig menntunar í norrænu löndunum hátt og yfir meðaltalinu í Evrópusambandinu miðað við alþjóðlegar rannsóknir á grunnfærni. Bæði tölfræði og alþjóðlegar rannsóknir sýna þó að grunnfærni er á niðurleið á Norðurlöndum og utanaðkomandi þættir á borð við félagslegan, tungumála- og menningarlegan bakgrunn og samfélagsmiðla hafa í vaxandi mæli áhrif á menntun. Greina má mun á milli stúlkna og drengja þegar kemur að námsárangri, samsömun (tilhørighet) í skólanum og námsvali og hefur þróunarmynstrið verið í átt til aukins félagslegs ójöfnuðar, aukinnar vanlíðunar, skólaforðunar og brottfalls barna og ungmenna. Börnum og ungmönnum í viðkvæmri stöðu með fjölþættan vanda fer fjölgandi á Norðurlöndum.

Ný tækni og stafræn þróun setur einnig mark sitt í auknum mæli á mennta- og rannsóknakerfið. Afleiðingar þessa eru óljósar en einnig geta falist í þessu tækifæri. Stafræn tækni, þar með talin gervigreind, getur haft áhrif á lykilaðila og ferli lýðræðisins en einnig stuðlað að nýjungum og nýsköpun. Mikil þörf mun verða á því að setja nauðsynlega ramma og finna út að hve miklu leyti tæknin verður notuð í mennta- og rannsóknakerfinu.

Atvinnulíf framtíðarinnar mun einkennast af grænum umskiptum og stafrænni þróun, nýjum starfsgreinum og starfsaðferðum. Menntun mun því áfram vera mikilvæg, bæði þegar kemur að því að uppfæra færni íbúa og að fá fleiri til þess að taka þátt í atvinnulífinu. Á Norðurlöndum er þó of mikil kynjaskipting bæði í menntakerfinu og á

vinnumarkaði og auknar áskoranir tengjast því að margir lenda utan við menntakerfið og vinnumarkaðinn ásamt því að brottfall eykst, einkum í iðngreinum. Jafnvel þótt hlutfall ungs fólks sem ekki lýkur námi eða kemst út á vinnumarkaðinn sé lægra á Norðurlöndum en að meðaltali í OECD nær allt of stór hluti fólks ekki að fullnýta hæfileika sína. Spár benda jafnframt til þess að Norðurlönd muni standa frammi fyrir miklum áskorunum þegar kemur að því að manna þær starfsstéttir sem þörf verður á í framtíðinni, svo sem kennara, hjúkrunarfræðinga og annað heilbrigðisstarfsfólk, fólk með tölvukunnáttu og verkfræðinga. Það mun þýða að starfsstéttir sem nauðsynlegar eru til þess að halda uppi velferðarstiginu og tryggja þau umskipti sem við þurfum verða of fáliðaðar.

Rannsóknir verða sífellt mikilvægari hluti af samfélagsþróuninni og eru lykillinn að því að vel takist til við nýsköpun, grænu umskiptin og stafræna þróun. Öflugt fagumhverfi er í norrænu löndunum og græn umskipti, málefni hafsins, velferðar- og heilbrigðismál og málefni norðurslóða eru allt dæmi um mikilvæg málefni sem norrænu löndin vinna nú þegar saman að. Um leið er mikil samkeppni um fjárveitingar til rannsókna enda um marga rannsóknaraðila að ræða. Geópólítísk togstreita eykur þörfina á þekkingu og kunnáttu um alþjóðlegt þekkingarsamstarf. Talnagögn sýna einnig fram á önnur úrlausnarefni á borð við skort á starfsöryggi þeirra sem leggja stund á rannsóknir og kynjaskiptingu innan fræðasamfélagsins.

”

Norrænt samstarf á sviði menntamála, rannsókna og tungumála skiptir sköpum til þess að við getum byggt upp lýðræðisleg og viðnámsþolin samfélög sem einkennast af þekkingu, samstöðu og gagnkvæmu trausti og til þess að Norðurlönd geti eftir sem áður verið eitt af samþættustu svæðum heims.

Eitt af því sem skapar norrænu samstarfi sérstöðu er hinn sameiginlegi skandinavíski tungumálaskilningur. Sterk tengsl eru á milli tungumálanna og menningar og hefða og þau leika mikilvægt hlutverk í sjálfsmyndarsköpun. Rannsóknir sýna að þó skandinavískur tungumálaskilningur er misjafn eða á niðurleið og að norrænu tungumálin eiga undir högg að sækja, m.a. vegna alþjóðavæðingar og fólksflutninga og mikillar þróunar á sviði stafrænnar þróunar, m.a. vexti gervigreindar. Þetta er áskorun en felur jafnframt í sér tækifæri til þess að efla sameiginlegan áhuga og þekkingu á norrænni stefnumótun í tengslum við tungumál til ársins 2030. Tungumál frumbyggja og önnur mál með eigin sögu og stöðu auðga tungumálafjölbreytni á Norðurlöndum. Saman skipta tungumálin sköpum, bæði þegar kemur að því að efla sjálfsmynd og hreyfanleika og sem eitt mikilvægasta tækið við samþættingu norrænu landanna.

Áskoranir af þessu tagi einskorðast ekki við Norðurlönd. Norrænu löndin eiga hins vegar margt sameiginlegt og búa að áralangri og sterkri hefð fyrir samvinnu. Þess vegna

hentar samstarfið innan Norrænu ráðherranefndarinnar sérlega vel til þess að miðla reynslu og finna sameiginlegar lausnir á flóknum vandamálum með árangursríkari hætti en hægt er á öðrum alþjóðlegum vettvangi. Það gefur Norðurlöndum einnig tækifæri til að verða pólitískt og faglegt forystusvæði.

Markmið og undirmarkmið

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir hefur samþykkt markmið og undirmarkmið fyrir starfið á tímabilinu 2025–2030. Pólitísku áherslurnar setja ramma utan um aðgerðir innan þessa málaflokks í norrænu samstarfi. Þetta felur í sér að markmiðin eru lögð til grundvallar verkefnum sem sviðið hrindir af stað.

Markmið 1: Allir á Norðurlöndum skulu hafa aðgang að menntun af miklum gæðum, frá unga aldri til æviloka, óháð bakgrunni



Norðurlönd skulu áfram vera svæði sem er framarlega í menntamálum á alþjóðavísu árið 2030, þar sem tækifæri til menntunar eru góð og allir íbúar búa yfir grunnfærni og stafrænni færni. Menntun á að skapa öruggan ramma frá unga aldri til fullorðinsára. Rannsóknir benda til þess að fjárfestingar í gæðamenntun og snemmtækum aðgerðum með aðstoð þegar þörf er á hafi mannúðlegan og félagshagfræðilegan ávinning í för með sér og minnki þörfina á stærri og dýrari inngripum síðar á lífsleiðinni. Menntun á einnig að skapa færni og hvata til þátttöku í lýðræðinu og samfélaginu og kenna íbúum nauðsynlega tækni til að greina og sporna gegn villandi upplýsingum og taka þátt í opnum umræðum og skoðanaskiptum sem byggjast á staðreyndum. Norðurlönd verða að vinna með enn skilvirkari hætti og með meiri samstöðu að því að stuðla að inngildingu í menntakerfinu og atvinnulífi, meðal annars með því að tryggja heilbrigði og velferð fyrir alla, óháð menntunarstigi og tungumála- og menningarlegum bakgrunni, og tryggja forvarnarstarf og fræðslu frá unga aldri.

Undirmarkmið 1.1: Fleiri skulu öðlast góða grunnfærni.

Undirmarkmið 1.2: Menntun skal stuðla að því að efla lýðræðisfærni, gagnrýna hugsun, stafræna hæfni og getu íbúanna til að fóta sig í nýjum miðla- og upplýsingaveruleika.

Undirmarkmið 1.3: Færri skulu lenda utan við menntakerfið og vinnumarkaðinn, meðal annars vegna snemmtækra og fyrirbyggjandi aðgerða.

Undirmarkmið 1.4: Norðurlönd skulu vinna að innihaldsríkri samkennd og bættri velferð og heilsu barna og námsmanna á öllum skólástigum.

Markmið 2: Menntun á Norðurlöndum skal í framtíðinni endurspegla færniþörf samfélagsins og atvinnulífsins



Árið 2030 skal tækifæri einstaklinga til að þróa færni sína á allri lífsleiðinni áfram liggja til grundvallar símenntunar á Norðurlöndum – óháð þörfum og fötlun. Um leið þurfa Norðurlönd að þróa sveigjanlega menntun og námsaðferðir sem nýta færni íbúanna og uppfylla þarfir vinnumarkaðarins og samfélagsins. Þetta felur einnig í sér hæfniþróun á vinnustöðum sem krefst símenntunar kennsluáðila svo gert sé ráð fyrir nýjum aðferðum og starfsnámi. Til að stuðla að umskiptum yfir í sjálfbærni og standa vörð um velferðarsamfélagið þurfa sem flestir að sækja sér menntun og taka þátt á vinnumarkaði með sérhæfðri færni í starfsgreinum sem samfélagið og atvinnulífið kalla eftir. Um leið verða Norðurlönd að vinna í sameiningu gegn félagslegri einangrun og jaðarsetningu til þess að umskiptin verði inngildandi og skilvirk.

Undirmarkmið 2.1: Það á að vera gott jafnvægi milli menntakerfa og framboðs og færniþarfa til að græn umskipti verði að veruleika og til að standa vörð um öflug velferðarsamfélög.

Undirmarkmið 2.2: Fleiri skulu bæta stöðu sína á vinnumarkaði með endurmenntun og framhaldsnámi og aukinni viðurkenningu.

Undirmarkmið 2.3: Fleiri með erlendan bakgrunn skulu taka þátt á vinnumarkaði með markvissum tungumála- og fræðslutilboðum.

Undirmarkmið 2.4: Fleiri skulu ljúka menntun og eiga greiða leið inn á inngildandi og réttlátan vinnumarkað.

Markmið 3: Norrænar rannsóknir skulu vera af miklum alþjóðlegum gæðum, tryggja góða vísindabekkingu og skapa nýja þekkingu á mikilvægum sviðum fyrir Norðurlönd



Norðurlönd skulu einkennast af því að vera öflugt þekkingarsvæði þar sem norrænar rannsóknir eru órjúfanlegur hluti af því að finna lausnir á stórum samfélagsáskorunum, þvert á fagsvið og samstarfsfleti. Rannsóknir verða að hafa norrænt notagildi byggt á sameiginlegum gildum og viðmiðum og skulu tryggja að Norðurlönd búi yfir vísindabekkingu fyrir framtíðina. Norðurlönd eiga að vera eftirsóknarvert rannsóknarsvæði með góðum skilyrðum til að gera rannsóknir, óháð kyni, aldri og fötlun. Þetta felur meðal annars í sér að jafnt kynjahlutfall sé innan akademíunnar og starfsmöguleikar fyrir ungt rannsóknarfólk.

Undirmarkmið 3.1: Norrænu löndin skulu stuðla að öndvegisrannsóknum og norrænu notagildi með rannsóknasamstarfi og -miðlun sem þróar norræn samfélög.

Undirmarkmið 3.2: Norrænt samstarf á sviði rannsókna skal stuðla að fjölfaglegu og þverlægu samstarf milli landsbundinna og norrænna fjármögnunaraðila rannsókna.

Undirmarkmið 3.3: Efla skal norrænt samstarf um rannsóknarinnviði.

Undirmarkmið 3.4: Norðurland skulu vera eftirsóknarvert rannsóknarsvæði með góð skilyrði til rannsókna, óháð kyni, aldri og atgervi.

Undirmarkmið 3.5: Vinna skal rannsóknir byggðar á grundvallarviðmiðum á borð við frelsi í fræðastarfi, heilindi, ábyrgar rannsóknaraðferðir, opin vísindi og öryggi.

Markmið 4: Sem norrænt samfélag eigum við að vernda og þróa öll okkar tungumál og tungumálasamfélög



Tungumál eru mikilvægasti hluti samfélagsinnviða okkar og eiga þátt í að skapa samstöðu og traust og styrkja lýðræði og virkni. Tungumálafjölbreytni er mikil á Norðurlöndum og þess vegna er mikilvægt að við verndum og þróum öll tungumál okkar og tungumálasamfélög, þar með talið tungumál frumbyggja og minnihlutamála. Norræna málsamfélagið er einstakt og á þátt í að tryggja samnorræna sjálfsmynd og ýtir undir að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Efla verður áhuga barna og ungs fólks á því að nota skandinavísku málin því það eru þau sem munu halda norrænu samstarfi áfram. Börn, ungmenni og fullorðnir með annan menningar- og tungumálabakgrunn eiga að hafa tækifæri á að læra undirstöðutungumál þess norræna lands sem þeir koma til. Til þess að efla norrænt tungumálasamstarf fram til ársins 2030 er þörf á langtímasamstarfi, að góð umgjörð verði sköpuð fyrir tungumálin og þau fái pólitíska athygli, m.a. með því að yfirlýsingu um norræna tungumálastefnu verði fylgt eftir og að markviss vinna fari fram við þróun starfænna lausna og gervigreindar.

Undirmarkmið 4.1: Mikil sameiginleg þekking og skilningur á að vera á norrænu tungumálunum, sérstaklega skilningur á skandinavísku tungumálunum.

Undirmarkmið 4.2: Ýta skal undir áhuga á norrænum tungumálum og norrænu samstarfi meðal barna og ungmenna.

Undirmarkmið 4.3: Norðurlönd verða að tryggja að undirstöðutungumál landanna, minnihlutatungumál þeirra og táknmál þróist og lifi af á tímum stafvæðingar.

Markmið 5: Efla skal Norðurlönd sem samþætt menntunar- og rannsóknarsvæði



Markmið Norðurlanda er að vera sjálfbærasta svæði heims fyrir árið 2030. Það á að vera auðvelt og eftirsóknarvert fyrir Norðurlandabúa að búa, stunda nám og starfa í öðru norrænu landi. Það er nú þegar mikið um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og starfsréttindum, og tugir þúsunda námsmanna og kennara taka þátt í skiptiáætlunum á ári hverju, sem stuðlar að samþættum Norðurlöndum. Til að Norðurlönd verði að eftirsóknarverðu og mikilvægu svæði er einnig margt sem þarf að vernda og styrkja. Styrkja þarf norrænt samstarf sem eðlilegan vettvang þar sem landsbundin stefnumál eru þróuð, samnorrænar lausnir eru efldar og Norðurlönd efld sem ein rödd í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi.

Undirmarkmið 5.1: Elfa þarf Norðurlönd sem mikilvægt svæði með því að miðla reynslu og líta á norræn málefni í samhengi við evrópska og alþjóðlega stefnumótun.

Undirmarkmið 5.2: Það á að vera auðvelt og eftirsóknarvert fyrir Norðurlandabúa að stunda nám, rannsóknir og vinnu í öðru norrænu landi.

Undirmarkmið 5.3: Mikil skipti og hreyfanleiki þarf að vera á milli norrænu landanna og á milli Norðurlanda og Eystrasaltslanda á sviði menntunar og rannsókna.

Úttekt á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á.

Um ritið

Norræn samstarfsáætlun um menntun, rannsóknir og tungumál 2025–2030

PolitikNord 2024:764

ISBN 978-92-893-8001-0 (PDF)

ISBN 978-92-893-8002-7 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2024-764>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsiðu: Knud Andersen

Myndir: Ann-Sofi Rosenkvist/Image Bank Sweden, Sofia Sabel/Image Bank Sweden, Oddleiv Apneseth/norden.org, Udirs bildebank, Lieselotte van der Meijs/Image Bank Sweden

Útgefið Október 2024



Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur